


Skjólbelti meðfram vegum auka öryggi vegfarenda, bæta ásýnd vega og skila fjárhagslegum ávinningi.

Víða veldur vindur, skafrenningur og snjósöfnun vanda við vegi landsins. Með gróðursetningu á skjólbeltum má draga úr þessum vandamálum ef rétt er að verki staðið.

Í þessu verkefni verða mótaðar tillögur um plöntuval, samsetningu og heppilega staðsetningu skjólbelta við þjóðvegi 1 frá Reykjavík til Borgarnes þar sem aðstæður kalla helst á skjólmyndun.

Markmið verkefnisins er að próa hentuga samsetningu skjólbelta sem:

- auka skjól og minnka skafrenning
- safna snjó í eða við beltin
- bæta ásýnd vega og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið.



Staðsetning og fjöldi raða ræður miklu um getu beltisins til snjósöfnunar og hversu vel beltíð skýlir. Þar sem mikillar snjósöfnunar má vænta t.d. í opnu landi þarf fjárlægð frá vegi að vera allt að 60 metrar en 30 metrar þar sem lítillar snjósöfnunar má vænta og landslag eða gróður safnar snjó.

Meginhlutverk og eðli skjólbelta meðfram vegum:

• Skjólbelti draga úr vindi, vindsveipum og skafrenningi og stuðla að því að snjósöfnun verði utan vega.

Gerð og samsetning trjá- og runnategunda:

• Hæð og þéttleiki tegunda skiptir miklu máli. Ef trekkir undir skjólbeltin dreifist snjó á stærra svæði og fýkur gjarnan yfir veginn. Það er því mikilvægt að þetta beltin vel niður að jörð, annað hvort með sígrænum trjátegundum eða þéttu runnalagi.

• Tegundir þurfa að hæfa aðstæðum s.s. veðurfari og jarðvegsgerð.

• Mikilvægt er að vanda tegundaval til að tryggja góða endingu beltanna. Mikil fyrirhöfn og kostnaður fylgir því að endurnýja beltin sem vaxa úr sér og gegna hlutverki sínu ekki sem skyldi.

Staðsetning skjólbelta við vegi:

• Mestu skjóláhrifin fást með að hafa beltin sem næst vegi og þvert á megin vindátt en vegna hættu á snjósöfnun á vegum þarf að staðsetja þau í hæfilegri fjárlægð frá vegi (oft um 30-60m).

• Beltin sem eru of nálægt vegi geta haft áhrif á yfirborðshita og of mikið logn getur valdið ísingu á vegum.

• Gæta þarf þess að beltin hafi ekki neikvæð áhrif á útsýni og upplifun vegfarenda út frá öryggissjónarmiðum.

• Hæð beltisins hefur áhrif á hversu stóru svæði er skýlt, skjóláhrifa gætur í um 20x hæð beltisins.


Staðan í dag og niðurstöður

Reynsla hérlendis af skjólbeltum með vegum er mjög takmörkuð. Helst má nefna skjólbelti með Vesturlandsvegi á Esjumelum og á Kjalarnesi sem gróðursett voru 1999 og undir Hafnarfjalli gróðursett á árunum 2000 - 2003.

Athuganir hafa sýnt að umrædd skjólbelti gera takmarkað gagn hvað varðar skjólmyndun og snjósöfnun. Þau eru of gisin til að mynda gott skjól ekki síst á vetrum og virðast í sumum tilfellum valda óæskilegri snjósöfnun við vegi, sér í lagi skjólbeltin undir Hafnarfjalli. Ástæðan tengist röngu plöntuvali og staðsetningu. Stórvaxinn víðir verður fljótt ber við jörð, er skammlífur og þrífst ekki vel á rýru landi. Beltin við Hafnarfjall hefðu þurft að vera fjær vegi.

Útkoma verkefnisins verður **a.** tillögur að nokkrum mismunandi gerðum skjólbelta sem henta á hverjum stað með uppdráttum af plöntuvali og skipulagi beltanna. **b.** listi yfir þær tegundir sem nota má í skjólbeltarækt við mismunandi aðstæður.

Ef rétt er að verki staðið geta skjólbelti við vegi landsins gegnt mikilvægu hlutverki og þannig aukið ferðaöryggi og spara fé m.a. í snjómokstri.



Fyrirmyndar beltin t.v. og t.h. raunveruleikinn.

Til að skjólbelti geti gegnt hlutverki sínu er mikilvægt að þau séu rétt staðsett, samsett úr hentugum tegundum sem mynda eina heild þétt niður að jörðu og séu ekki of umhirðukrefjandi.

Rétt planta – á réttan stað – fyrir rétt hlutverk

Heimasíða: <http://yndisgrodur.lbhi.is/>